

Fundargerð 124. fundar

fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2020, miðvikudaginn 5. febrúar kl. 12:00 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Magnea Hreinsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Helgi Arnarson, Herdís Ásu Sæmundardóttir og Skúli Þór Helgason.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Klara Eiríka Finnbogadóttir sérfræðingur, Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur, Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi og Þórður Kristjánsson sérfræðingur í skólamálu, sem ritaði fundargerð.

Þrír fyrstu liðirnir í fundargerðinni voru ræddir á sameiginlegum fundi með félagsþjónustunefnd sambandsins.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Frumvarp til laga um samþættingu velferðarþjónustu í þágu barna - 2001001SA

Frumvarp til laga um samhæfða velferðarþjónustu í þágu barna var tekið til umfjöllunar á sameiginlegum fundi félagsþjónustu- og fræðslumálanefnda sambandsins. Ræddar voru helstu áherslur og athugasemdir sambandsins við frumvarpsdrögin. María Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi, greindi frá stöðu málsins og næstu skrefum. Fram kom að fjöldi umsagna hefði borist, t.a.m. frá skólasamfélaginu, sem telur þurfa skýrari skólavinkil inn í frumvarpsdrögin þar sem umtalsverður hluti þjónustunnar fer fram á þeim vettvangi. Skilgreina þarf betur hugtakið "velferðarþjónusta", þar sem því er ætlað að verða regnhlífarhugtak yfir skóla-, heilbrigðis- og félagsþjónustu. Talsverð umræða spannst um hlutverk tengiliðar barns og fjölskyldu við velferðarþjónustu, hvort um nýtt starf væri að ræða eða aðeins verkefni sem skilgreina þyrfti með skilmerkilegri hætti.

Nefndirnar telja þá hugmyndafræði sem frumvarpið endurspeglar vera af hinu góða og löngu tímabæra. Hins vegar sé afar þýðingarmikið að verkefni og ábyrgð aðila séu vel skilgreind, ekki síst á vettvangi skóla þar sem mikill hluti umræddrar þjónustu á sér stað. Skipuleggja þurfi fræðslu fyrir starfsfólk skóla-, félags- og heilbrigðisþjónustu til þess að auka líkur á að vel takist til með framkvæmdina og samhæfingu milli kerfa og komast megi hjá togstreitu milli fagstétta. Nefndamenn ræddu um skiptingu þjónustunnar í þrjú stig eftir þyngd og töldu að vanda þyrfti vel til þeirrar umræðu, því slík þrískipting hefði ólíka samsvörun í ólíkum kerfum. Þá kom til tals hvort ekki vantaði að skilgreina eitt stig til viðbótar ("norska kerfið") sem væri sú almenna grunnþjónusta sem öllum væri ætluð áður en viðbótarþjónusta væri skilgreind.

2. Hagnýting sveitarfélaga á niðurstöðum reglubundinna kannana á högum og líðan barna og ungmenna á Íslandi - 1511192SA

Rannsóknir og greining ehf. (R&G) hafa kannað hagi og líðan ungmenna á Íslandi sl. 20 ár og hafa yfir að ráða afar þýðingarmiklum upplýsingum um stöðu og þróun þeirra mála, sem sveitarfélög geta hagnýtt sér inn í stefnumótun og ákvarðanatöku. Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Þorfinnur Skúlason frá R&G komu á fund nefndanna. Undirstrikuðu þau hversu góðum árangri Ísland hefur náð í forvörnum og baráttu við áfengis- og tóbaksneyslu ungmenna á liðnum áratugum, svo eftir væri tekið víða um heim. Samstarf við sveitarfélög hefði verið með eindæmum gott og næðu úttektir þeirra til um 85% allra barna á landinu. Lykiltölur í lífi barna eru aðgengilegar á nýjum vef R&G þar sem hvert sveitarfélag getur séð sína eigin tölur.

Bætt er inn nýjum spurningum í takti við tíðarandann í hverri könnun. Í dag væri t.a.m. könnuð veip-notkun ungmenna, neysla orkudrykkja, rafíþróttir, skjátímanotkun, ofbeldi, kvíði og mataræði. Ástæða væri einnig til að hafa áhyggjur af normaliseringu á hassneyslu og áhrifum hennar á ungmenni.

Nefndirnar lýstu yfir ánægju með þann mikilvæga gagnabanka sem orðið hefur til á vettvangi RogG og hvöttu til markvissrar hagnýtingar niðurstaðna við stefnumótun og aðgerðir sveitarfélaga í málaflokkum er taka til barna, ungmenna og fjölskyldna.

3. Breytt fyrirkomulag talmeinaþjónustu við skólabörn - 1901064SA

Tryggvi Þórhallsson gerði grein fyrir stöðu og framgangi málsins á vettvangi grábókarnefndar sem afgreiddi það frá sér fyrir áramót. Breytingin felst í því að sveitarfélögin, með samkomulagi við Sjúkratryggingar Íslands, taki yfir alla talmeinaþjónustu við börn. Meðbyr er með þessum breytingum í stjórnsýslunni en andmæli hafa borist frá Félagi talmeinafræðinga.

Nefndarmenn tóku jákvætt í þessar tillögur en töldu engu að síður að ákveðna þætti þyrfti að tryggja áður en hægt væri að fylgja verkefninu úr hlaði. Fjölga þarf talmeinafræðingum því sveitarfélög hafa átt í miklum vandræðum með að manna stöður þeirra vegna skorts í stéttinni. Þá er þýðingarmikið að huga enn frekar að notkun velferðartækni á þessu sviði og efla fjarþjónustu. Síðast en ekki síst þarf ítarleg kostnaðargreining að eiga sér stað sem gerir ráð fyrir að þjónustan þróist til framtíðar í takti við þarfir og þeir fái þjónustu sem ekki njóti hennar við í dag vegna skorts á talmeinafræðingum.

Að loknum þessum fundarlið var sameiginlegri dagskrá nefndanna lokið. Ákveðið var að halda 2-4 sameiginlega fundi á ári og fundartímar nefndanna stilltir saman.

4. Ferð með ráðherra til Stokkhólms - menntaumbætur - 1912021SA

Formaður stjórnar sambandsins, Aldís Hafsteinsdóttir, ásamt skólamálafulltrúa voru í föruneyti menntamálaráðherra til Stokkhólms 13.-15. janúar sl. Heimsóttar voru ýmsar stofnanir eins og Skolverket, Skolinspektionen, menntamálaráðuneytið og sænska sveitarfélagasambandi auk þess sem einn grunnskóli var heimsóttur sem framarlega stendur varðandi kennslu nemenda af erlendum uppruna.

Athygli vöktu þau skólaumbótaverkefni sem stjórnvöld hafa ráðist í undanfarin ár og þá fyrst og fremst það verklag sem viðhaft er með samningum milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun, eftirfylgd ábyrgð og skyldur. Sem dæmi má nefna aðgerðir í kjölfar PISA 2012, vegna nýliðunarvanda í kennarastétt og starfsþróunar kennara. Horfið hefur verið frá þeirri miklu dreifstýringu sem sænska skólakerfið og miðlægar ákvarðanir orðið meira áberandi í því skyni að auka jafnræði milli sveitarfélaga og skóla. Námsmatskerfið sem við tókum upp að sænskri fyrirmynd árið 2011 hafa þeir aflagt vegna óánægju kennara fyrst og fremst. Nú er lögð ríkari áhersla á þekkingarþætti fremur en hæfni í tilteknum grunnþáttum og dregið hefur úr valfrelsi í kerfinu.

5. Vinnufundir með mennta- og menningarmálaráðherra 2019-2024 - 1912019SA

Fundargerðir frá tveimur fyrstu samráðsfundum mennta- og menningarmálaráðherra með sambandinu voru lagðar fram til kynningar og umræðu. Fram kom hjá nefndinni að umræðuefni inn á næsta samráðsfund gæti verið fjármögnun Menntamálastofnunar (MMS) sem glímur við niðurskurð á sama tíma og verkefnum fjölgar. Einnig þyrfti að ræða framtíðarvistun verkefnis sem nokkur sveitarfélög hafa unnið að sem felur í sér stöðumat í upphafi skólavistar nemenda af erlendum uppruna og ætti að vera miðlægt hjá MMS og aðgengilegt öllum skólum. Næsti samráðsfundur með menntamálaráðherra verður 25. febrúar nk.

6. Morgunverðarfundir sambandsins um skólamál - 1601026SA

Lögð var fram til kynningar dagskrá fyrsta morgunverðarfundar sambandsins um skólamál árið 2020, sem haldinn verður 17. febrúar nk. Til umfjöllunar verða m.a. niðurstöður Skólapiðings sveitarfélaga 2019 og hvernig þær skulu nýttar á vettvangi sambandsins. Þrír fyrirlesarar munu lýsa sínum áherslum varðandi skólakerfi framtíðar og hver leiðarljósín á þeirri vegferð þurfi að vera.

7. Starfshópur um styrkingu leikskólastigsins - 1910052SA

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur skipað starfshóp um styrkingu leikskólastigsins. Hópnum er gert að vinna skýrslu þar sem fram koma leiðir til styrkingar leikskólastigsins og fjölgunar leikskólakennurum. Mælt er til þess að starfshópurinn ljúki störfum fyrir lok árs 2020 og skili áfangaskýrslu til ráðuneytisins fyrir 1. júní 2020. Klara E. Finnbogadóttir, fulltrúi sambandsins í starfshópnum, lagði fram til kynningar skipunarbréf og áherslur í vinnu hópsins og mun leita til fræðslumálanefndar eftir sjónarmiðum eftir því sem vinnunni vindur fram.

Fundi var slitið kl. 15:00

Anna Magnea Hreinsdóttir

Einar Már Sigurðarson

Helgi Arnarson

Herdís Ásu Sæmundardóttir

Skúli Þór Helgason